



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 20. október 2016

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps 20. október 2016, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Baldur Kjartansson, Höskuldur Haraldsson, Heiðbjört Antonsdóttir, Baldur H. Friðriksson og Teitur Helgason.

Einnig mættur: Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Fagrihjalli 1** - nýbygging. Fyrir fundi liggur álitserð Halldórs Jóhannssonar skipulagshönnuðar, dags. 19.10.16, bréf starfsmanns bygg.fltr., dags. 15.10.16, og tölvubréf eigenda, dags. 17.10.16. Varðar málið nýbyggingu á lóð Fagrahjalla 1 sem þegar er hafin.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur tekið málið fyrir. Í ljósi þess að ekki er í gildi deiliskipulag um lóðina né heldur liggur fyrir skilgreindur byggingarreitur fyrir hana er framkvæmdin án heimildar. Þó svo að eigendur hefðu verið í rétti miðað við gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð var hlutaðeigendum ávallt skylt að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til leyfisveitanda.

Þrátt fyrir framangreint er skipulags- og umhverfisnefnd reiðubúin til að taka til umfjöllunar umsókn um byggingu þá sem þegar er hafin enda fylgi henni uppdrættir til samþykktar.

Samþykkt með 6 atkvæðum, Jakobína sat hjá.

1. mál: **Ljósaland** – umsókn eigenda um heimild til að reisa stálgrindarviðbyggingu og var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 11. október sl. Fyrir fundi liggur bréf eigenda, dags. 20.10.16, með ósk um að fá að hefja framkvæmdir við grunn húss og loforð um skil á fullnaðaruppdráttum. Ennfremur grunnmynd húss, dags. 18.10.16, unnin af Eyjólfri Valgarðssyni bygg.tæknifr.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur tekið erindi eigenda fyrir að nýju. Nefndin er reiðubúin til að heimila vinnu við grunnplötu hússins þegar fullnaðarhönnun hennar liggur fyrir. Erindið verður tekið fyrir að nýju um leið og uppdrættirnir berast.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:10.